

## Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

**Staður:** Hótel Saga, fundarherbergi

**Dagsetning:** 15. október 2019

**Tími:** 8:30 til 10:30

Í tilefni af framkvæmdastjóraskiptum bauð Hótel Saga stjórn FKA og framkvæmdastjórum í morgunverð og aðgang að fundaraðstöðu.

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA) og Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP). Þá var fráfarandi framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir (HH) viðstödd fundinn sem og varðandi framkvæmdastjóri Andrea Róbertsdóttir (AR).

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
  - Mælaborð til stjórnar
  - Fjármálauppgjör, AFKA, LA, Jafnvægisvugin
  - Innheimta félagsgjalda
  - Viðburðir og markaðsmál
3. Framkvæmdastjóraskipti
4. Stefnumótunarfundur

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

---

### 1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins og bauð nýjan framkvæmdastjóra Andreu Róbertsdóttur velkomna á sinn fyrsta stjórnarfund.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjóra

15. október 2019 er síðasti dagurinn sem HH hefur viðveru á skrifstofu FKA. Hún fór yfir mælaborð framkvæmdastjóra.

- mælaborð og rekstraráætlun
- Fjármálauppgjör, AFKA, LA, Jafnvægisvugin
- innheimta félagsgjalda
- viðburðir og markaðsmál

Stjórn þakkaði HH, fráfarandi framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf og óskaði henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

### 3. Framkvæmdastjóraskipti

Samþykkt er að greiða HH laun út októbermánuð. HH mun verða AR til liðsinnis varðandi tæknileg úrlausnamál og í aðdraganda stærstu viðburða FKA á starfsárinu 2019-2020, aðalfundar og viðurkenningarhátíðar. AR tók til starfa frá og með 11. október 2019.

#### **4. Stefnumótunarfundur**

Farið var yfir framkvæmd stefnumótunardags FKA 17. október nk. Þátttaka er góð og undirbúningur í góðum farvegi.

Fundi sliti kl. 10:30.  
Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum